

5. gr.

Samvinnunefnd getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir til að fjalla um í svæðisskipulaginu.

6. gr.

Sveitarfélögin 16 greiða kostnað hvert vegna sinna fulltrúa við störf samvinnunefndar. Embætti skipulagsstjóra ríkisins greiðir kostnað vegna formanns nefndarinnar og varamanns hans auk aðstoðar embættisins við nefndina. Kostnaður vegna fundarhalda greiðist af því sveitarfélagi, þar sem fundurinn er haldinn.

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér sérfræðing (ráðgjafa) til aðstoðar við skipulagsvinnuna. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af embætti skipulagsstjóra ríkisins og að hálfu af sveitarfélögunum. Kostnaður vegna framkvæmdanefndar skiptist á sama hátt.

Verði ágreiningur vegna kostnaðar sker umhverfisráðherra úr.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. desember árið 1999. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 ásamt síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytinu, 24. júlí 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Skúlagötu, staðgreinireitur 1.154.4.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 24. júlí 1997, staðfest breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðisins frá 13. maí 1986 með síðari breytingum að því er varðar staðgreinireit 1.154.4, Skúlagata 21 og 42 og Hverfisgata 105.

Breytingin er fólgin í tilflutningi húseininga, breytingu á húsaæðum og niðurfellingu byggingarreita á norðurhluta Hverfisgötu 105 og suðurhluta Skúlagötu 42.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 24. júlí 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.